

## Fyrirspurn

### til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um starfsemi Hafrannsóknastofnunar.

Frá Bjarna Jónssyni.

1. Hve margir voru úthaldsdagar rannsóknaskipa á vegum Hafrannsóknastofnunar á árunum 2000–2016 og hve margir úthaldsdagar eru fyrirhugaðir árið 2017? Svar óskast sundurliðað eftir árum, skipum og verkefnum.
2. Hverjar voru tekjur og gjöld Hafrannsóknastofnunar á árabílinu 2000–2016? Svar óskast sundurliðað eftir árum og helstu tekju- og gjaldaliðum hvers árs.
3. Hver var fjöldi stöðugilda og starfsmanna hjá Hafrannsóknastofnun á árunum 2000–2016? Svar óskast sundurliðað eftir árum og helstu starfsheitum, svo sem stjórnendum, sérfræðingum, starfsmönnum á rannsóknaskipum og rannsóknarmönnum.
4. Hver eru núverandi framlög til eftirtalinna verkefna Hafrannsóknastofnunar:
  - a. botnfiskrannsóknna,
  - b. uppsjávarrannsóknna,
  - c. grunnsævisrannsóknna,
  - d. umhverfisvöktunar?
5. Telur ráðherra að nægt fé sé veitt til rannsókna Hafrannsóknastofnunar? Á hvaða sviðum væri helst ástæða til að auka fjárveitingar?
6. Eru uppi áform um að endurnýja rannsóknaskipið Bjarna Sæmundsson sem er komið mjög til ára sinna?

**Skriflegt svar óskast.**